



Umbótaáætlun Akurskóla skólaárið 2022 - 2023

Umbótaáætlun Akurskóla skólaárið 2022 - 2023

Reykjanesbær, 5. október 2022

Inngangur

Þetta skjal er umbótaáætlun Akurskóla og er áætlun um þær aðgerðir sem starfsfólk skólans ætlar að ráðast í á skólaárinu til að gera gott skólastarf enn betra.

Mat á því hvaða umbætur er ráðist í byggir fyrst og fremst á þeim verkefnum sem hafa verið valin sem áherslupunktur skólaársins og hafa jafnvel fengið styrki frá Þróunarsjóði Reykjanesbæjar eða Endurmenntunarsjóði grunnskóla. Þá er einnig litið til sjálfsmatsskýrslu síðasta skólaárs.

Sjálfsmatsskýrsla Akurskóla, umbótaáætlun, starfsáætlun skólans og skólanámskrár eru tengd skjöl. Sjálfsmatsskýrslan er rituð út frá niðurstöðum innra- og ytra mats á skólastarfinu. Fyrst og fremst er byggt á niðurstöðum formlegra athugana og kannana á ýmsum þáttum skólastarfsins sem reglubundið eru lagðar fyrir og ýmsum prófum og skimunum sem meta árangur nemenda. Öll þessi skjöl eru hagnýt gögn sem taka breytingum frá ári til árs og halda utan um skólaþróunina.

Í Skólanámskrá og starfsáætlun skólans má finna þau markmið sem stefnt er að í skólastarfinu.

Köflunum um umbótaþættina er skipt upp í fimm kafla.

1. Þörf fyrir umbætur sem greinir frá ástæðum þess að ráðist er í umbætur á þessum þætti skólastarfsins.
2. Markmið sem greinir frá að hverju er stefnt.
3. Áætlun um aðgerðir greinir frá því hvað skólinn ætlar að gera til að ná settum markmiðum.
4. Hvað hefur verið framkvæmt greinir frá því hvað hefur verið framkvæmt síðast liðin misseri og skiptir máli með framhaldið.
5. Mat á árangri greinir frá hvernig á að meta árangur.

Efnisyfirlit

1. Leiðsagnarnám	5
1.1 Þörf fyrir umbætur	5
1.2 Markmið	5
1.3 Áætlun um aðgerðir	6
1.4 Hvað hefur verið framkvæmt?	6
1.5 Mat á árangri	6
2. Heilsueflandi grunnskóli	7
2.1 Þörf fyrir umbætur	7
2.2 Markmið	7
2.3 Áætlun um aðgerðir	7
2.4 Hvað hefur verið framkvæmt?	7
2.5 Mat á árangri	7
3. Forysta um nám og styðjandi menningu	8
3.1 Þörf fyrir umbætur	8
3.2 Markmið	8
3.3 Áætlun um aðgerðir	8
3.4 Hvað hefur verið framkvæmt?	8
3.5 Mat á árangri	8
4. Allir jafnir – Líðan barna af erlendum uppruna	9
4.1 Þörf fyrir umbætur	9
4.2 Markmið	9
4.3 Áætlun um aðgerðir	9
4.4 Mat á árangri	9

1. Leiðsagnarnám

Ábyrgðaraðilar: Leiðtogar í leiðsagnarmati og stjórnendur

Væntingar okkar eru þær að við öðlumst betri færni í aðferðum leiðsagnarnáms. Markmið okkar er að útskrifa einstaklinga sem hafa trú á því að þeir ráði við áframhaldandi nám og þátttöku í samfélaginu. Það græða allir, bæði kennarar og nemendur á að auka sjálfstæði, sjálfstraust og ábyrgð nemenda á eigin námi. Aukin áhersla á samvinnunám í fjölbreyttum hópi skapar námssamfélag þar sem nemendur læra ekki síður af hverjum öðrum en af kennaranum. Ef vel tekst til eykur það félagsfærni en krafa um færni í mannlegum samskiptum er alltaf að aukast.

1.1 Þörf fyrir umbætur

Aðalnámskrá grunnskóla leggur mikið upp úr að skólar landsins vinni með Leiðsagnarnám og þar sem skólinn leggur nú áherslu á kennslu eftir hæfniviðmið Aðalnámskrár þykir við hæfi að innleiða kennsluhætti samfara því. Auk þess er sífellt hægt að auka á fjölbreytni í kennsluháttum og er það eitthvað sem allir græða á, bæði kennarar og nemendur.

Niðurstöður Skólapúlssins sýna að nemendur upplifa sig sem þeir hafi litla stjórn og sýna takmarkaða ábyrgð á eigin námi. Markmiðið er að gefa kennurum og nemendum verkfæri til þess að bregðast við. Eins og kemur fram á heimasíðu um bókina Leiðsagnarnám þá er megin tilgangur leiðsagnarnáms að auka ábyrgð nemenda á námi sínu en það er ekki síst gert með því að veita þeim hlutdeild í markmiðunum sem þeim er ætlað að ná. Nemendur sem vita hvaða hæfni þeir eiga að tileinka sér með verkefninu sem þeir eru að fást við, verða áhugasamari, nýta tímann betur og framfarir þeirra verða meiri. Að auki eru þeir betur í stakk búnir til að leggja mat á eigin árangur og að taka við og veita félögum sínum leiðsögn. Skilgreind markmið stuðla jafnframt að því að allir nemendur skilja á sama hátt hvað þeir eiga að læra og hvernig (<https://leidsagnarnam.is/>)

Vellíðan er grundvöllur þess að nemendum gangi vel. Sjálfstraust og sjálfsþekking er stór hluti af vellíðan ásamt því að hafa forvarnargildi gegn áhættuhegðun og hegðunarvandamálum. Nemandi sem hefur trú á eigin getu, sem er hluti af jákvæðu námssamfélagi og meðvitaður um markmið sín nær árangri. Nemandi sem nær árangri líður vel.

1.2 Markmið

Markmið með verkefninu er að:

- Útskrifa einstaklinga sem hafa trú á því að þeir ráði við áframhaldandi nám og þátttöku í samfélaginu.
- Auka sjálfstæði, sjálfstraust og ábyrgð nemenda.
- Auka áherslu á samvinnunám í fjölbreyttum hópi og skapa þannig námssamfélag þar sem nemendur læra ekki síður af hverjum öðrum en af kennaranum.
- Auka félagsfærni þar sem krafa um færni í mannlegum samskiptum er alltaf að aukast.

Rannsóknir hafa sýnt að samvinnunám eins og leiðsagnarnámið byggir á getur leitt til eftirfarandi árangurs:

- Aukin þátttaka óvirkra nemenda
- Hlutfall munnlegs náms eykst sem dregur úr skriflegum verkefnum.

- Nemendur sem hafa lítil tók á íslensku fá fleiri námstækifæri með því að hlusta.
- Málfar þroskast og orðaforði eykst.
- Dregur úr kynjamun í námsárangri.
- Dregur úr einelti og neikvæðum samskiptum.
- Félagslega einangraðir nemendur ná betri tengslum við hópinn.
- Kennarar eiga auðveldara með að greina hvar nemendur eru staddir í náminu.

Verkefnið leggur áherslu á vaxtarhugarfar í anda kenninga Carol Dweck sem gæti hjálpað nemendum sem hafa misst trú og áhuga á námi að öðlast nýja von um bætta árangur. Ef verkefnið tekst vel til þá geta aðrir skólar lært af reynslu okkar í Akurskóla.

1.3 Áætlun um aðgerðir

Hvað	Ábyrgðaraðili	Lokið
Fyrirlestur frá Nönnu K Christiansen	Stjórnendur	Ágúst 2022 og vorönn
Áhugahvetjandi lestrarverkefni	Leiðtogar	Allt skólaárið í gangi
Leiðsagnarnámsfundir með starfsfólki	Leiðtogar	Allt skólaárið í gangi
Ut anumhald og eftirfylgni Leiðsagnarnáms	Leiðtogar	Allt skólaárið í gangi
Menntaflétta - Leiðsagnarnám fyrir grunnskólakennara - fyrstu skrefin	Menntaflétta	Allt skólaárið í gangi
Allt starfsfólk les bókina Leiðsagnarnám	Allir	Vor 2023

1.4 Hvað hefur verið framkvæmt?

Skólinn hefur byggt á fjölþættu námsmati og símati hingað til en við sjáum samt tækifæri til frekari umbóta. Skólinn vinnur eftir hugmyndum Uppbyggingarstefnunnar og þar af leiðandi mikil reynsla sem hægt er að nýta í Leiðsagnarnáminu. Til dæmis í að auka enn frekar sjálfstraust nemenda með hrósi, samvinnu og sjálfstæði.

1.5 Mat á árangri

Verkefnastjórnin hittist reglulega yfir skólaárið, skipuleggur og metur árangur. Samræður við kennara á deildarfundum og kennarar skiptast á reynslu og hugmyndum og mat þeirra á auknu sjálfstæði nemenda við nám sitt. Hvort sjálföruggi nemenda hafi aukist sem og þátttaka óvirkra nemenda. Einnig hvort að starfsmenn skólans hafi eflst í fjölbreyttara námsmati.

2. Heilsueflandi grunnskóli

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur, leiðtogi og teymi

2.1 Þörf fyrir umbætur

Menntun er mikilvæg fyrir heilbrigði og velferð en líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði er sérlega mikilvæg forsenda fyrir námi og góðum námsárangri. Heilbrigði og velferð er einn af sex grunnþáttum í Aðalnámskrá grunnskólanna. Það ætti því að vera skólum í landinu til mikils hagræðis að taka þátt í verkefninu Heilsueflandi skóli þar sem það hjálpar viðkomandi skólum að uppfylla einn af grunnþáttum Aðalnámskrár.

2.2 Markmið

- Að stuðla að góðri heilsu og líðan nemenda og starfsfólks skólans.
- Að setja fram heildræna stefnu um heilsueflandi skólastarf.
- Að vinna í anda heilsueflandi grunnskóla þar sem lykilþættirnir, nemendur, nærsamfélag, hreyfing og öryggi, mataræði og tannheilsa, heimili, geðrækt, lífsleikni og starfsfólk tengjast skólastarfinu á markvissan hátt.
- Að bæta námsárangur nemenda.

2.3 Áætlun um aðgerðir

Hvað	Ábyrgðaraðili	Lokið
Dregið grunnlínu að gátlistum	Teymi	Allt skólaárið
Meta stöðu skólans og aðgerðaáætlun fyrir gátlistann starfsfólk	Teymi	Allt skólaárið
Mótun aðgerða næsta skólaárs	Teymi	Vor 2023

2.4 Hvað hefur verið framkvæmt?

Innleiðing hefur verið lokið. Næsta skólaár fer í að merkja við ný útgefna gátlista og dregið verður grunnlína til að sjá hver staða skólans er. Unnið verður með gátlistann starfsfólk og gerð verður aðgerðaáætlun á þeim gátlista.

2.5 Mat á árangri

Niðurstöður úr göngum í skólann, Ólympíuhlaupi ÍSÍ, þátttöku nemenda í mataráskrift, þátttaka starfsfólk í lífshlaupinu og niðurstöður úr skólapúlsinum.

3. Forysta um nám og styðjandi menningu

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur

3.1 Þörf fyrir umbætur

Stjórnendur gegna lykilhlutverki þegar kemur að forystu til náms í skólasamfélaginu. Starfsþróun skólustjórnenda er mikilvægur þáttur í að þeir geti verið þessir faglegu leiðtogar. Til að efla stjórnendur enn frekar sitja allir stjórnendur skólans námskeið á vegum Menntamiðjuna, Forysta um nám og styðjandi menningu skólaárið 2022-2023.

3.2 Markmið

Þátttakendur á námskeiðinu fá stuðning og hvatningu til að þróa starfshætti sem stuðla að forystu um nám og leiðsögn í lærdómssamfélagi. Rýnt verður í leiðir til forystu um nám og leiðsögn og skoðað hvernig aðstæður og menning er samofin starfsþróun og námi á vettvangi. Skólustjórnendur greina eigin hugmyndir, reynslu og starfskenningu og velja í kjölfarið þá þætti sem þeir vilja vinna með á námskeiðinu.

Jafningjaleiðsögn þátttakenda er lykilþáttur námskeiðsins. Þar taka stjórnendur mið af eigin reynslu af forystu, stjórnun og leiðsögn. Námskeiðið verður tengt starfi stjórnenda m.a. með stuðningi við að gera starfendarannsókn á eigin starfi á vettvangi.

Við lok námskeiðs geta þátttakendur

- leitt samtöl um breytta starfshætti í námssamfélögum og teymum í skólum.
- skilið tengsl menntaforystu, leiðsagnar og lærdómssamfélags.
- nýtt aðferðir menntaforystu sem hafa að markmiði að efla starfsþróun.
- beitt völdum aðferðum menntaforystu á ígrundaðan og gagnrýninn hátt í ljósi fræða, rannsókna, eigin starfskenningar og reynslu.
- nýtt hornsteina CRM-líkansins í umbótastarfi og stuðningi við lærdómssamfélög.

3.3 Áætlun um aðgerðir

Þátttakendur taka þátt í námskeiði sem er sex lotur og hver lota er 2,5 klukkustundir að lengd.

3.4 Hvað hefur verið framkvæmt?

- Stjórnendur eru með mismunandi menntun og reynslu sem hefur nýst vel hingað til.
- Stjórnendur Akurskóla eru ólíkir og hafa nýtt mismunandi styrkleika sína við stjórnun skólans.
- Stjórnendur hafa verið duglegir að sækja sér endurmenntun í formi fyrirlestra, námskeiða og sótt ráðstefnur um stjórnun innanlanda og erlendis.

3.5 Mat á árangri

Stjórnendur meta námskeiðið að því loknu og gefa endurgjöf hvað nýttist þeim best.

4. Allir jafnir – Líðan barna af erlendum uppruna

Ábyrgðaraðilar: Námsráðgjafi og verkefnastjóri íslensku sem annars tungumáls

4.1 Þörf fyrir umbætur

Í Akurskóla eru nemendur af ólíkum uppruna með mismunandi fjölmennningarlegan bakgrunn. Oft standa nemendur af erlendum uppruna ekki jafnfætis öðrum nemendum varðandi líðan og félagslega stöðun innan skólans og því er mikilvægt að bregðast við þessum vanda og finna farsæla leið fyrir alla.

4.2 Markmið

Markmið okkar er að skoða og kortleggja stöðu nemenda af erlendum uppruna með það að leiðarljósi að skoða hvernig skólinn getur brugðist við og komið betur á mótis við þarfir nemenda af erlendum uppruna. Markmið verkefnisins er að efla sjálfsmynd og veita börnum hugrekki til að vera þau sjálf, stolt af sér og sínum uppruna og varpa ljósi á fjölbreyttan bakgrunna nemenda Akurskóla.

4.3 Áætlun um aðgerðir

Hvað	Ábyrgðaraðili	Tími
Spurningalistar lagðir fyrir nemendur af erlendum uppruna	Teymi	Haustönn
Niðurstöður spurningalista kynntar fyrir starfsfólk skólans	Teymi	Vorönn
Þjóðerni nemenda gerð sýnileg innan skólans	Stjórnendur	Vorönn

4.4 Mat á árangri

Við erum að kortleggja stöðu nemenda af erlendum uppruna og teljum við að þær niðurstöður munu gagnast skólanum til að koma betur til mótis við þann hóp. Árangur verkefnis er ekki mælanlegur í hefðbundnum skilningi heldur hugsuð sem leið til að kortleggja og bæta stöðu nemenda af erlendum uppruna.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS